

Fundur á Laxárbökkum 13. október kl. 17:30

Dagskrá:

Fundarsetning. Halldóra formaður bauð fundarkonur velkomnar, setti fundinn og kveikti á kerti vináttu, á kerti trúmennsku og á kerti hjálpsemi.

Þetta var fyrsti fundurinn á starfsárinu og fyrsti fundur hjá nýrri stjórn. Stjórnin hefur sent félagskonum skipulag funda í vetur en eitthvað getur breyst eftir veðrum og vindum.

Mæting: Ásta, Elísabet, Soffía, Ruth, Jensína, Valgerður, Sjöfn og Halldóra.

Fundargerð síðasta fundar, sem var aðalfundur hefur verið birt á vefnum og send í vefpósti til allra Delta kvenna. Við látum það nægja eins og undanfarin misseri, fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Gestur fundarins:

Dóra Líndal Hjartardóttir tónmenntakennari var gestur fundarins. Dóra býr á Vestri-Leirárgörðum í Hvalfjarðarsveit. Hún kenndi við Heiðarskóla í mörg ár og einnig við Tónlistarskólann á Akranesi. Dóra er hætt kennslu vegna aldurs en situr alls ekki auðum höndum. Það sem vakti athygli okkar á Dóru er að hún er mikil handavinnukona og er að gera margt spennandi með ullina, fer ótroðnar slóðir. Dóra flutti erindi um ullina og sagði frá ráðstefnu á Gotlandi sem hún sótti nýlega. Ullin af íslensku sauðfé skiptist í þel og tog og eitt er víst að fjölmörg tækifæri liggja í nýtingu íslensku ullarinnar. Ull er gull. Þá sýndi Dóra Líndal okkur hvernig hún spinnur úr ullinni og bauð okkur að prófa og ekki stóð á konum að prófa.

Halldóra fór yfir fréttir frá landssambandinu, en **Framkvæmdaráðsfundur** var haldin 17. sept s.l. Formaður og varaformaður fóru á fundinn, Halldóra og Elsa. Guðrún Edda Bentsdóttir er forseti Landssambandsins og stjórnaði hún fundinum.

Fundargerð má sjá á vefnum.

Minnt er á að frestur til að sækja um í 2. hluta Lucile Cornetet sjóðsins rennur út 1. nóvember. Þessi sjóður styrkir ekki konur til þátttöku í viðburðum sem haldnir eru á vegum Delta Kappa Gamma, heldur einungis menntandi viðburðum sem haldnir eru utan samtakanna.

Orð til umhugsunar flutti Jensína Valdimarsdóttir og að þessu sinni var erindi hennar á persónulegum nótum. Starfslok eru framundan og 50 starfsævi að ljúka.

Fundarslit. Formaður sleit formlegum fundi og slökkti á kertunum.

Þá var snæddur góður matur, kjúklingaréttur með grjónum og brauði. Happprættið fór fram fram með matnum og fékk Jensína vinninginn.

Öllu lokið um kl. 20:30

Fundargerð skrifaði Halldóra Jónsdóttir.